

Kvenfrelsunarhrollvekja (grein í Dagblaðinu -Vísí 6. mars 1997)

Í kjölfar seinni heimsstyrjaldar komu spennandi tímar. Andleg uppreisn geisaði. Hennar gætti í menningu, listum og vísindum. Uppreisnin fór eins og eldur í sinu um allan hinn vestræna heim. Gildismat var brotið til mergjar. Í æðum unga fólksins ólagði blóð. Barnáttuþrekið var óbrigðult. Blásið var nýju lífi í gagnrýna hugsun. Samfélagið nötraði og skalf í þessum jarðskjálfa hugarfarsins. Tengsl kynjanna voru skoðuð í nýju ljósi. Kjarnafjölskyldan riðaði til falls. Ungt fólk gerði margvíslegar tilraunir í ástum, fjölskyldulífi og uppeldi. Í þessari frjósömu deiglu blómstruðu vísindin um sálina og samfélagið. Fram á sjónarsviðið stigu mikilhæfir fræðimenn úr röðum kvenna. Leitin að sannleikanum var einlæg og áköf. Konur sáu sér m.a. leik á borði og létu kné fylgja kviði. Fyrr á öldinni hafði áfangasigur unnist. Kosningarétturinn [til Alþingis] var í höfn [fyrir bæði kynin]. Í rauðum sokkum gerðu mömmur, ömmur, systur og dætur hverja atlöguna á fætur annarri á karlaveldið. Tryggur bakhjarl þeirra voru jafnréttissinnaðir karlmenn.

Við vorum stoltir af ykkur, kynsystur góðar, enda var trúá okkar sú, að kvenfrelsisbaráttan væri áfangi í mannréttindabaráttu til jafnræðis kynjanna. Í hillinum sáum við t.d. styttri vinnutíma og aukið svigrúm til mannræktar og uppeldis barna okkar. Við áttum drjúgan þátt í að gera Vigdísi að forseta [afgerandi reyndar] og veita Kvemnalistanum brautargengi. Við kusum hann tvisvar og við kusum hann þrisvar eða þangað til hann undirritaði eigin dauðadóm. Margar konur fengu nytsamlega pólitíska reynslu fyrir tilstilli hans. Löggjöf var lagfærð. Nú ríkir lagalegt jafnrétti kynjanna í landinu, enda þótt stjórnarsýslan og dómarnir hafi ekki náð að ljúka upp báðum augum fyrir þeirri staðreynd. Konur gerðu uppreisn. Þær töldu sig vera fórnarlömb. Það voru þær umdeilanlega á sumum sviðum.

Í ljósi þess, hvernig kvenréttindabaráttan hefur þróast síðustu árin mætti ætla, að ekki væri albölvað að vera kona og fórnarlamb. Fórnarlömb vilja sumar konur greinilega vera og beita ofurvaldi hins veika til hins ýtrasta. Þær eru samgrónar ýmsum tilbrigðum við sitt gamla hlutverk. Sé hlutverkinu breytt er tilvist þeirra ógnað. Þær vilja ekki taka ábyrgð á eigin frelsi. Fórnarlambið lifir nefnilega ábyrgðarsnaudu og á stundum þægilegu lífi í krafti þess. Þó er fjandmaður tilvist þess nauðsynleg. Sé andskota vant er hann búinn til. Hjá íslenskum konum er fárra kosta vöð í þessu efni. Því íslenskir karlar eru almennt hlyntir konum. Þær eru yfirleitt boðnar velkomnar í gömlu karlavígin. Meira að segja á bílaverkstæðin. Sumar konur axla ábyrgð á hinu nýfengna frelsi. Þær skilja, að hlutverk karla og kvenna er skilyrt hvort öðru. Aðrar vilja bæði halda og sleppa.

Frelsið má daðra við endrum og sinnum. En, þegar alvaran blasir við, þ.e.a.s. ábyrgðin og hið nýja hlutverk, hrökkvar þær undan sem skjótast. Réttlætingin birtist ævinlega í gervi ljóta karlsins. Hún verður hrollvekju líkust eins og greinar Kristínar Ástgeirsdóttur í Morgunblaðinu 20.09.1996 og Hlínar Agnarsdóttur í Degi-Tímanum 20.11.1996 bera vitni um. Þar er karlmönnum lýst sem skynlausum nauðgurum og misyndismönnum á valdi hamslausrar og óseðjanlegrar kynhvatar. Þær stöllum kyrja heldur ófagran söng. Fórnarlömbin eru vitanleg ungar, saklausar stúlkur eða konur. Hvílíkar öfgar! Hvílík veruleikafirring! Er ekki kominn tími til að endurstilla áttavitann og hefja viti borna umræðu, góðu kynsystur?

Enn er að sjálfsögðu margt að skoða í jafnréttisbaráttunni. Til að mynda húsfreyjuvald hið nýja, þ.e.a.s. hina sífelldu sókn kvenna í uppeldisstörf, félagsmálastörf og umönnunarstörf. Konur ráða nánast allri félagsþjónustunni, barnavernd og uppeldi í landinu. Konur stjórna að töluveru leyti heilbrigðisþjónustunni og úrlausnum forsjármála. Hvers vegna verða konur ekki verkfræðingar og múrarar? Hvers vegna flykkjast konur ekki til sjós? Flæmski hatturinn og norska smugan ku vera giska notalegur kimi í tilverunni. Spyr sá, sem ekki veit.